

Ágætu foreldrar.

Á miðvikudaginn 22.apríl, ætlum við að gera þær breytingar að fara að taka á móti heilum hópum í 1.-6.bekk í skólann, þ.e. að fara aftur í það fyrirkomulag sem við vorum í fyrst eftir að takmarkanir voru settar á skólastarf að nemendur mæta alla daga í skólann.

Við leggjum áfram áherslu á að fylgja áfram kröfum varðandi takmörkun á skólastarfi, þ.e. ekki blanda hópum og ekki fleiri en 20 nemendur í hverri stofu. Auk þess að sinna sóttvörnum s.s. handþvotti og daglegri sóttþreinsun borða og snertiflata.

Nemendur verða því áfram sama tímafjöldi í skólanum og mæta eftir sömu tímasetningum. Þeir verða jafnframt með kennurum í útvist í stað frímínútna.

Ég vil biðja þá foreldra sem hyggjast breyta einhverju varðandi skólagöngu nemenda upplýsa stjórnendur og umsjónarkennara um breytingar áður en til þeirra kemur.

Stefnt er að því að skólastarf komist í eðlilegt horf þann 4.maí. Enn liggur ekki fyrir hvort og þá hvaða áhrif takmarkanir sem settar verða varðandi samkomur hafa á skólastarfið, enda liggur auglýsing ráðherra ekki fyrir.

Með kveðju,
Ruth